

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

TPH/ls

19.febrúar 2019

Efni: Varðar fyrirspurn Fjármála- og efnahagsráðuneytis til stjórna fyrirtækja í ríkiseigu og stjórnar Bankasýslu ríkisins dags. 12. febrúar 2019.

Vísað er til bréfs fjármálaráðherra dags. 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir því að stjórnir félaga í eigu ríkisins færi rök fyrir því, með vísan til eigendastefnu, hafi þær ákvarðað framkvæmdastjórum launahækkanir umfram almenna launaþróun.

Þegar laun framkvæmdastjóra Orkusölunnar voru síðast ákvörðuð af kjararáði 1. júní 2016 voru þau 1.372.753 kr. Þegar laun og starfskjör framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins féllu undan kjararáði, sbr. lög nr. 130/2016 gerði stjórn Orkusölunnar ráðningarsamning við framkvæmdastjóra, frá 1. júlí 2017.

Stjórn Orkusölunnar horfði til þeirra kjara sem kjararáð hafði ákvarðað framkvæmdastjóra Orkusölunnar, sem og almennrar launaþróunar og bréfs fjármálaráðherra frá 6. janúar 2017 við gerð ráðningasamningsins við framkvæmdastjóra Orkusölunnar. Horft var til þess að kjararáð hafði þann 1. júní 2016 ákvarðað laun forstjórans þannig að laun voru 989.835 kr., en til viðbótar 40 einingar, samtals 382.918 kr., alls 1.372.753 kr.

Kjararáð ákvarðaði jafnframt að ef greiðslur í lífeyrissjóð væru undir 20% væri greitt viðbótarframlag. Aksturskostnaður var greiddur í samræmi við akstur skv. akstursdagbók.

Ljóst er að framkvæmdastjóri Orkusölunnar hafði dregist verulega aftur úr launum sambærilegra starfa á þeim árum sem hann var undir kjararáði. Af þeirri ástæðu taldi stjórnin nauðsynlegt að bæta í laun framkvæmdastjórans umfram þróun launavísitölu. Í samræmi við tilmæli fjármálaráðherra var hins vegar ákveðið að þær breytingar yrðu hógværar og tekna í skrefum.


Stjórn Orkusölunnar gerði samning við framkvæmdastjórann um laun upp á 1.500.000 kr. frá 1. júlí 2017, sem var u.p.b. 9,3% hækkun frá kjararáði, á sama tíma og launavísitala hafði hækkað um 7,3%. Var það talin mjög hófleg hækkun umfram vísitölu. Samið var um sömu reglu varðandi viðbótarframlag vegna lífeyrissjóðs og gilt hafði hjá kjararáði. Einnig var ákveðið að greiða fasta krónutölu fyrir akstur í stað þess að skila inn akstursdagbók. Akstursgreiðslur voru ákveðnar sambærilegar því sem hafði verið greitt að meðaltali fyrir akstur skv. akstursdagbók.



Samningur við framkvæmdastjórn var endurnýjaður aftur 1. júlí 2018. Þá voru launin aftur hækkuð aðeins umfram vísitölu, eða um 10% á meðan vísitala launa hækkaði um 6,3%. Fóru launin þá í 1.650.000 kr. Ennfremur var sú breyting gerð að framkvæmdastjóra væri heimilt að þiggja stjórnarlaun í dótturfélögum. Var þetta einnig talið hóflegt skref í samræmi við tilmæli fjármálaráðherra í þeirri vegferð að færa laun framkvæmdastjórans nær þeim launum sem gilda um sambærileg störf samkeppnisaðila Orkusölunnar, þótt mikið vanti á að þeim verði náð. Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að þiggja stjórnarlaun í einu dótturfélagi, sem nemur 50 þúsund kr. á mánuði, en ekki kom til þess á árinu 2018. Viðbótarframlag vegna lífeyrissjóðs var með sama hætti var hjá kjararáði og akstursgreiðslur miðuðu við sama akstur.

Stjórn Orkusölunnar telur sig því hafa farið fram með hóflegar breytingar á launum framkvæmdastjóra fyrirtækisins og telur að launin séu talsvert undir því sem gerist í þeim fyrirtækjum sem Orkusalan ber sig saman við og keppir við á raforkumarkaði.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Tryggvi P. Haraldsson".

Tryggvi P. Haraldsson
Stjórnarformaður Orkusölunnar ehf.